


Alþingi
Erindi nr. P 132/1607
komudagur 12.4.2006



Persónuvernd

Rauðarástíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Alþingi,
allsherjarnefnd
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. apríl 2006
Tilvísun: 2006030199 SMG/--

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um vegabréf, nr. 136/1998

Persónuvernd vísar til bréfs allsherjarnefndar, dags. 27. mars sl., þar sem óskað er umsagnar Persónuverndar um frumvarp til laga um vegabréf, 615. mál, ný gerð vegabréf, nýr útgefandi o.fl. (pskj. 900, 132. löggjafarþing).

Persónuvernd gerir engar athugasemdir við breytingar sem snúa að ábyrgð á útgáfu vegabréfa.

Hvað varðar þá nýbreytni, að taka upp rafræn lífkenni í vegabréf, er ljóst að hún er til komin vegna alþjóðlegra krafna þar að lútandi. Í ljósi þess gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við breytingu í þá átt, en vill þó koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

1.

Í 2. másl. 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins segir „Þjóðskrá og lögreglu er heimilt að nota skilríkjaskrá til að bera kennsl á mann eða staðreyna að hann sé sá sem hann kveðst vera.“

Með vísan til þeirrar meginreglu persónuréttar, að persónuupplýsingar skuli unnar í skýrum, yfirlýstum og málefnalegum tilgangi, telur Persónuvernd æskilegt að í ákvæðinu verði tilgreint í hvaða tilvikum Þjóðskrá og lögreglu verði heimilt að nota skilríkjaskrána með þessum hætti, s.s. vegna afgreiðslu vegabréfumsókna eða landamæraeftirlits.


2.

Með hliðsjón af ályktun 27. alþjóðaráðstefnu forstjóra persónuverndarstofnana um notkun lífkenna í vegabréf, skilríki og ferðaskilríki, dags. 16. september 2005, sem og með vísan þess hvaða afleiðingar það getur haft í för með sér ef lífkenni eru tengd röngum einstaklingi, leggur Persónuvernd áherslu á að frá upphafi verði fyllsta öryggis gætt. Gildir það bæði um aðgang óviðkomandi að upplýsingum um lífkenni í skilríkjaskrá og vegabréfum, og um gæði og áreiðanleika þeirra lífkenna sem unnið verður með. Því telur Persónuvernd mikilvægt að reglur þær sem vísað er til í a-lið 9. gr. frumvarpsins verði settar hið fyrsta.

Í þessu sambandi skal einnig bent á 1. mgr. 4. gr. reglugerðar 2004/2252/EB, sem kveður á um

að handhafi útgefins vegabréfs eða ferðaskilríkja eigi rétt á að sannreyna þær persónuupplýsingar sem í vegabréfinu eða ferðaskilríkjunum eru og, eftir því sem við á, óska eftir leiðréttingu eða eyðingu. Í því frumvarpi sem hér er til umsagnar er ekki kveðið á um þennan rétt.

Virðingarfyllt,
f.h. forstjóra Persónuverndar



Særun María Gunnarsdóttir
lögfræðingur

Hjál. Ályktun 27. alþjóðaráðstefnu forstjóra persónuverndarstofnana

**27th International Conference of Data Protection and Privacy Commissioners
Montreux
16 September 2005**

**Resolution on the use of biometrics in passports, identity cards
and travel documents**

The 27th International Conference of Data Protection and Privacy Commissioners resolves:

Noting that governments and international organizations, in particular the International Civil Aviation Organization (ICAO), are at present finalising rules and technical standards for the integration of biometric data (fingerprints, face recognition) in passports and travel documents for the purposes of fighting terrorism as well as speeding up border controls and check-in procedures;

Aware of the fact that the private sector is also increasingly processing biometric data mostly on a voluntary basis;

Taking into account that biometric data may be collected without the data subject noticing it since he or she may leave biometric traces unconsciously;

Recalling that biometrics will make the human body “machine-readable” and that biometric information could be used as a globally unique identifier;

Stressing that the widespread use of biometrics will have a far-reaching impact on the global society and should therefore be subject to an open worldwide debate

the Conference calls for

1. effective safeguards to be implemented at an early stage to limit the risks inherent to the nature of biometrics,
 2. the strict distinction between biometric data collected and stored for public purposes (e.g. border control) on the basis of legal obligations and for contractual purposes on the basis of consent,
 3. the technical restriction of the use of biometrics in passports and identity cards to verification purposes comparing the data in the document with the data provided by the holder when presenting the document.
-